

Nd.

16. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 63 28. jan. 1925, um útflutningsgjald.

Flm.: Páll Þorbjörnsson.

1. gr.

Síðasti málsliður 1. málsgr. 2. gr. laganna orðist þannig: Af hverjum 100 kg. af fiskúrgangi, hausum og beinum, þurrkuðum og óunnum, kr. 1.00.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Á haustþinginu 1934 var lögum um útflutningsgjald af beinum og hausum breytt í því skyni að bæta með því aðstöðu fiskimjölsværksmiðjanna innlendu, og var tollurinn lækkaður úr 1 kr. í 3 kr. af hverjum 100 kg. Tollhækkun þessi mætti þegar andmælum þeirra, sem bera hag smáútvegsins fyrir brjósti, en þeir fengu ekki rönd við reist. Á þinginu í fyrra var gerð tilraun til að fá tollinn lækkaðan aftur, en tókst ekki, og taldi m. a. meiri hluti sjávarútvegsnefndar þessarar deildar, að ekki væri komin sú reynsla af áhrifum tollsins, að rétt væri að breyta honum. Nú er fyrirsjáanlegt, að verð á beinum mun falla svo á þessu ári, m. a. fyrir tilverknað tollsins, að fiskimenn munu hætta að hirða beinin að nokkru eða öllu leyti. Útflutningur fiskbeina til Noregs hefir sáralítið gengið saman þrátt fyrir tollinn, verð til framleiðenda hefir aðeins lækkað og Norðmenn tekið upp samkomulag við ísl. fiskimjölsværksmiðjendurnar um verðlag á beinum. Fyrir því er lagt til í frv. þessu að færa útflutningsgjaldið niður í það sama og það var áður.